



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORVARNARDAGURINN 2014
VERÐLAUNAAFHENDING Í DAG Á BESSASTÖÐUM
TIL NEMENDA ÚR GRUNNSKÓLUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhendir í dag, föstudaginn 5. desember kl. 16:00 verðlaun og viðurkenningar í samkeppni Forvarnardagsins 2014. Athöfnin fer fram á Bessastöðum. Verðlaunahafar koma að þessu sinni frá grunnskólum í Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi. Meðal gesta verða foreldrar og fjölskyldur verðlaunahafa sem og fulltrúar frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Skátahreyfingunni og öðrum aðstandendum forvarnardagsins

Forvarnardagurinn byggist á niðurstöðum íslenskra rannsókna sem sýna hvaða ráð duga best til að koma í veg fyrir að ungmenni verði fíkniefnum að bráð. Þar ber hæst þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi, samverustundir með fjölskyldunni og að fresta því sem lengst að neyta áfengis.

Mikið og gott forvarnarstarf er unnið í skólum landsins og víðast hvar er lögð áhersla á lífsleikni, hollustu og heilbrigt tólmundastarf. Á Forvarnardaginn fóru fram umræður nemenda í grunnskólunum um hugmyndir þeirra og tillögur varðandi nýjungar og breytingar á æskulýðs- og íþróttastarfi, fjölskyldulífi og öðrum þeim þáttum sem eflt geta forvarnir. Hugmyndir og tillögur nemenda voru teknar saman og settar í skýrslu sem birtist á vefsíðu dagsins, forvarnardagur.is. Þá gafst nemendum kostur á að taka þátt í ratleik á vefsíðum íþrótt- og ungmennasamtaka.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Aðstandendur Forvarnardagsins auk forsetaembættisins eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Rannsóknir og greining og Félag íslenskra framhaldsskóla. Forvarnardagurinn var nú eins og áður skipulagður með myndarlegum stuðningi frá lyfjafyrirtækinu Actavis.

5. desember 2014

Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).